

## Álit

um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Með bréfi dagsettu 22. júní 2009 vísaði efnahags- og skattanefnd frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum til umsagnar hjá fjárlaganefnd Alþingis. Um er að ræða þskj. 115, 118. mál. Nefndin fékk til fundar við sig forsvarsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Í febrúar sl. samþykkti ríkisstjórnin útlínur stefnumörkunar í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013 sem var byggð á mati á horfum í ríkisfjármálum og efnahagsáætlun sem lögð var til grundvallar stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Samkvæmt henni var gerð áætlun fyrir tekjur ríkissjóðs, gjöld og afkomu. Í upphaflegri áætlun íslenskra stjórnvalda með AGS-samkomulaginu var ekki gert ráð fyrir aðgerðum í ríkisfjármálum á árinu 2009 umfram það sem stefnt var að í fjárlögum. Nú er hins vegar talið að sú áætlun og þar með fjárlög fyrir árið 2009 muni ekki standast vegna lækkunar á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009 og breyttra þjóðhagsforsendna, m.a. verðlags. Því er brýnt að grípa nú þegar til frekari aðgerða í ríkisfjármálum. Í mars til maí 2009 uppfærðu sérfræðingar AGS og fjármálaráðuneytisins útreikninga á þeim aðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru til að afkoman verði innan þess ramma í ríkisfjármálum sem samþykktur var í ríkisstjórninni 24. febrúar 2009. Nú er talið að til þess að ná framangreindum markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé aðlögunarþörf fjárlaga, þ.e. þörf fyrir hækkun tekna og lækkun gjalda að lágmarki eftirfarandi:

	Mia.kr.	% af VLF
2009	-20	-1,4
2010	-56	-3,9
2011	-43	-2,8

Markmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpinu er að halda afkomumarkmiðum fjárlaga ársins 2009. Frumvarpið gerir annars vegar ráð fyrir lagabreytingum til að auka tekjur en hins vegar lagabreytingum sem leiða til sparnaðar í ríkisrekstrinum til að ná þessu markmiði.

Miðað við þær upplýsingar sem fjárlaganefnd Alþingis hefur aflað sér munu þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í frumvarpinu ekki duga til að unnt sé að halda markmið fjárlaga nema fylgt verði ströngu aðhaldi og ráðuneyti og stofnanir ríkisins fylgi þeim fyrirmælum sem sett hafa verið um frekari sparnað sem einstök ráðuneyti kynntu á fundi nefndarinnar.

Í máli gesta kom m.a. fram að víða er gert ráð fyrir því að hægt sé að flytja ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári til þessa árs auk þess sem nokkur ráðuneyti gera ráð fyrir að þurfa að mæta aukinni fjárþörf í fjáráukalögum síðar á árinu. Ljóst er að ef þau áform ganga eftir verður að mæta þeim með frekari sparnaði annars staðar til að markmið fjárlaga 2009 standist.

Ljóst er að agaleysi hefur verið og er í fjármálum ríkisins og eftirfylgni með fjárlögum óviðunandi. Hvetur meiri hlutinn því eindregið til breyttra vinnubragða við fjárlaga- og áætlunargerð ríkisins þar sem horft er til lengri tíma í senn og að markmið og stefnumótun liggi fyrir.

Með framangreint í huga beinir meiri hlutinn þeim tilmælum til efnahags- og skattanefndar að rýna tekjuáætlunina sérstaklega vel til að kanna hvort forsendur hennar muni standast.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þau markmið um afkomu sem fram koma í frumvarpinu.

Alþingi, 24. júní 2009.

Guðbjartur Hannesson, form.,  
Ásbjörn Óttarsson,  
Ásmundur Einar Daðason,  
Björn Valur Gíslason,  
Höskuldur Þórhallsson,  
Kristján Þór Júlíusson,  
Oddný G. Harðardóttir,  
Ólöf Nordal,  
Sigmundur Ernir Rúnarsson.